

Öll umferð um flugbrautir og flugvélaakbrautir er bönnuð, nema með sérstöku leyfi flugumferðarstjórnar, og er talstöðvarbúnaður skilyrði fyrir leyfisveitingu. Undantekning frá þessari reglu er, að starfsmenn í byggingum nr. 1795 og 1709 og öðrum, sem eiga lögmætt erindi þangað, er heimilt að fara yfir suðurflugvélarakbraut, eftir afmarkaðri akrein, sem liggur yfir nefnda akbraut, um 300 metra vestan við flugbrautarenda 07.

Öll umferð er bönnuð um flughlöð, nema með sérstöku leyfi flugvallarstjóra, með þeirri undantekningu, að starfsmönnum í flugskýlum nr. 830, 831 og 832 og öðrum, sem eiga lögmætt erindi þangað, er heimilt að fara yfir flughlað eftir afmarkaðri akrein, sem liggur frá akvegi, sunnanvert við afgreiðslubyggingu ESSO, að suðurhorni flugskýlis nr. 831, og þaðan samhliða flugskýlum nr. 830 og 832. Enn fremur er starfsmönnum í flugskýli nr. 885 og öðrum, sem lögmætt erindi eiga þangað, heimilt að fara yfir flughlað við flugskýli nr. 885, eftir afmarkaðri akrein, sem liggur frá tengivegi við Grjótagötu að norðurgafli flugskýlis nr. 885.

Stranglega er bannað að aka undir vængi eða aðra hluta loftfara, nema vegna viðgerða, afgreiðslu o. þ. h.

Tendra skal viðvörunarljós loftfara, áður en þotuhreyflar eru ræstir. Öll umferð, annarra en viðkomandi afgreiðsluaðila, er bönnuð innan 50 metra frá loftfari eftir að viðvörunarljós hafa verið tendruð.

Ökumönnum og fótgangandi er skylt að víkja fyrir loftförum, stanza skal í tæka tíð, í nægilegri fjarlægð frá loftfari, þar til það er komið framhjá. Bannað er að aka framúr loftfari.

Ökumenn skulu gæta þess, að ljós ökutækja trúfli ekki loftför í lendingu, flugtaki eða akstri á flugvellinum.

Óheimilt er að leggja loftförum, bifreiðum, eða öðrum ökutækjum annars staðar en á afmörkuðum stæðum.

Hámarkshraði er 45 km/klst. á flugbrautum og flugvélaakbrautum, 25 km/klst. á flughlöðum og 10 km/klst. í námunda við loftför. Að öðru leyti gilda ákvæði íslenzkra umferðarlaga, eftir því sem við á.

Nánari fyrirmæli um öryggi og umferð á Keflavíkurflugvelli skulu sett í samræmi við almennar reglur.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og lögum nr. 110 frá 8. maí 1951.

Öðlast reglugerðin þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi 5. gr. reglugerðar nr. 297 11. nóvember 1964.

Utanríkisráðuneytið, 24. ágúst 1973.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 15. þ. m. veitt Flugfélagi Íslands hf. sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, póst og vörur, á flugleiðinni Reykjavík—Þingeyri—Reykjavík, á tímabilinu frá 1. október 1973 til 1. október 1978.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindri flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur.

Samgönguráðuneytið, 24. ágúst 1973.

Björn Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.